

Markmið um samstarf sveitarfélaga í stafrænni umbreytingu frá landsþingi haust 2022

Tekið er fram að markmiðin fara fyrir stjórn Sambands Íslenskra sveitarfélaga í nóvember 2022

- Sambandið vinni stefnumörkun og aðgerðaáætlun um stafræna umbreytingu sveitarfélaga í góðu samstarfi við sveitarfélög og ríkið.
- Auka þarf þekkingarstig kjörinna fulltrúa og annarra stjórnenda sveitarfélaga, starfsfólks og annarra hagaðila á tækifærum stafrænnar umbreytingar, nýtingu tækni og nýsköpunar við úrlausn áskorana.
- Sambandið skal vinna að pappírslausri stjórnsýslu sveitarfélaga og beita sér fyrir rafrænum skilum gagna og rafrænni skjalavörslu.
- Upplýsingatækniinnviðir sveitarfélaga verði þróaðir á grundvelli sameiginlegra kröfúlýsinga og út frá sjálfvirkni með það að markmiði að ná fram auknu rekstrarhagræði og bættri þjónustu samhliða því sem öryggi gagna er tryggt.
- Stafrænt umbreytingateymi sveitarfélaga verði miðlægur þjónustukjarni (e. center of excellence) með skilgreint umboð og hlutverk, mannað stafrænum leiðtogum í öllum landshlutum sem veita sveitarfélögum stuðning.

Ný markmið:

- Efla samstarf við ríkið (Stafrænt Ísland) til að sveitarfélög geti nýtt miðlægan vettvang, ísland.is, við þróun þjónustu fyrir sveitarfélög.
- Unnið verði að bættu aðgengi kjörinna fulltrúa að upplýsingatækni kerfum sveitarfélaga.
- Við innleiðingu stafrænna lausna þarf að gæta að því að þær séu aðgengilegar fyrir alla hópa samfélagsins.